

20 bótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meira en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar reglugerðar, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Reyðarfjarðarhrepps, nr. 11 1. marz 1932

Atvinnumálaráðuneytið, 3. febrúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

21

9. febr.

AUGLÝSING

um lágmarksverð á nýjum fiski.

Samkvæmt I. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, er hér með ákveðið, að frá og með 1. janúar 1949 skuli lágmarksverð á nýjum fiski vera sem hér segir:

Þorskur, ýsa, langa og sandkoli:

Slægður með haus	kr. 0.65	hvert kg
Slægður og hausaður	— 0.845	— —
Óslægður	— 0.55	— —
Flattur	— 0.96	— —

Karfi og keila:

Slægður með haus	— 0.25	— —
Slægður og hausaður	— 0.36	— —

Ufsi:

Slægður með haus	kr. 0.34	hvert kg	
Slægður og hauseður	— 0.45	—	—

21

9. febr.

Skötubörð:

Stór	— 0.50	—	—
Smá	— 0.35	—	—

Steinbítur:

Í nothæfu standi, slægður með haus	— 0.45	—	—
--	--------	---	---

Skarkoli og þykkvalúra:

I. 1¼ lb. og þar yfir	— 1.80	—	—
II. ¾ lb. til 1¼ lb.	— 1.50	—	—
III. 250 g til ¾ lb.	— 1.10	—	—

Lúða:

Lúða undir 15 kg	— 1.80	—	—
Stórkjasta, langlúra og grálúða	— 1.00	—	—
Háfur	— 0.20	—	—

Ákvæði þessi gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Sjavarútvegsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

22

15. febr.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939, sbr. auglýsingu nr. 138 28. október 1946.

1. gr.

Í staðinn fyrir „lestagjald 20 aura af hverri nettó smálest“ í staflíð a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar, komi: lestagjald 40 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsgr. staflíðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

- c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa í höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:
1. Af salti, kolum og sementi 8 krónur af hverri smálest.
 2. Af timbri 16 aura af teningsfeti.
 3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 12 krónur af hverri smálest.
 4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnnum, hrognum og endursendum umbúðum 8 krónur af smálest.
 5. Af útfluttum ísfiski 6 krónur af smálest.
 6. Af öðrum útfluttum vörum 12 krónur af smálest.